

Föstudaginn 17. desember 1993.

Nr. 450/1993. **Vélsmiðjan Mjólnir hf.**

gegn

protabúi Júpíters hf.

Kærumál. Aðför. Endurupptaka. Gjaldprot.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 18. október sl., sem barst réttinum ásamt gögnum 5. nóvember. Hann krefst þess aðallega, að kröfu gagnaðila um ógildingu fjárnámsgerðar þeirrar að hluta, sem fjallað er um í hinum kærða úrskurði, verði vísað frá héraðsdómi, en til vara, að synjað verði um framgang hennar. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Atvikum málsins eru gerð ýtarleg skil í hinum kærða úrskurði.

Með skírskotun til raka héraðsdómara eru ekki efni til að taka frávisunarkröfu sóknaraðila til greina.

Fjárnámið frá 19. febrúar 1993 var endurupptekið 6. apríl og þá gert í söluverði loðnufarms b/v Júpíters, en farmurinn var andlag hins fyrra fjárnáms. Kaupandi loðnufarmsins, Haraldur Böðvarsson hf., greiddi 2.305.741 krónu af kaupverðinu inn á bankareikning sýslumannsins í Bolungarvík 7. apríl, en hann greiddi fjárhæðina 13. s. m. lögmanni gjörðarbeiðanda til lúkningar fjárnámskröfu hans. Sama dag beiddist gjörðarþoli gjaldþrotaskipta á búi sínu, og var það tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði 16. apríl.

Af hálfu gjörðarþola voru mótmæli gegn hinu upphaflega fjárnámi engum haldbærum rökum studd. Krafa varnaraðila fyrir héraðsdómi laut og ekki að því, að fjárnámið stæðist ekki að lögum og fella bæri það úr gildi í heild sinni þess vegna, heldur einungis frá og með greiðslu sýslumanns á fjárnámskröfunni og þá í þeim tilgangi að tryggja varnaraðila, að greiðsla fjárnámskröfunnar rynni til hans.

Í endurriti af endurupptöku fjárnámsins 6. apríl er tekið fram, að hún verði tilkynnt gjörðarþola. Af gögnum málsins verður eigi séð, að sú tilkynning hafi átt sér stað. Enda þótt eigi hafi verið skylt að tilkynna gjörðarþola fyrir fram um endurupptökuna samkvæmt 4. mgr. in fine 57. gr. aðfararlaga nr. 90/1989, bar sýslumanni að tilkynna honum um hana, eftir að hún fór fram, sbr. 3. mgr. 51. gr. laganna. Sýslumaður hefði, ekki síst með tilliti til þessa, átt að fresta greiðslunni í fjórar vikur frá 6. apríl að telja í samræmi við þau ákvæði aðfararlaga, sem vitnað er til um það atriði í hinum kærða úrskurði. Sú frestun gat þó ekki, úr því sem komið var, raskað rétti, sem gjörðarbeiðandi hafði þegar öðlast gagnvart gjörðarþola með viðtöku sýslumanns á greiðslu fjárnámskröfunnar í umboði hans 7. apríl, viku áður en fram kom beiðni um, að bú gjörðarþola yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Ákvæði 72. gr., sbr. 138. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl., sem varnaraðili vísar til í því efni, fá ekki breytt þessari niðurstöðu, sem er í samræmi við ákvæði 50. gr. laga um aðför nr. 19/1887, sem áður giltu. Verður að telja, að sú grunnregla sé enn í gildi.

Með skírskotun til þess, sem að framan er rakið, verða úrslit kærumálsins þau, að greiðsla sýslumannsins í Bolungarvík 13. apríl 1993 til lúkningar umræddri fjárnámskröfu sóknaraðila á að standa óhöggud.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Framanskráð greiðsla sýslumannsins í Bolungarvík til sóknaraðila, Vélsmiðjunnar Mjölnis hf., til lúkningar fjárnámskröfu hans, að fjárhæð 2.305.741 króna, á að standa óhöggud.

Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður falli niður.

Úrskurður Héraðsdóms Vestfjarða 8. október 1993.

Ár 1993, föstudaginn 8. október, er á dómþingi Héraðsdóms Vestfjarða, sem háð er í dómsal embættisins að Hafnarstræti 1, Ísafirði, af Sonju

Hreiðarsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi í málinu nr. Y-1/1993: Krafa þrotabús Júpíters hf., kt. 551189-1209, um ógildingu aðfarargerðar sýslumannsins í Bolungarvík nr. 17/1993/00007, sem gerð var að kröfu Vélsmiðjunnar Mjöltnis hf., kt. 540292-2809, og tekin var til úrskurðar 21. f. m. að loknum munnlegum máflutningi.

I.

Með bréfi skiptastjóra þrotabús Júpíters hf., dagsettu 10. maí 1993, sem dóminum barst 14. s. m., er þess krafist, að ofangreind aðfarargerð, sem fram fór á skrifstofu sýslumanns 15. febrúar sl. og endurupptekin hinn 18. s. m. og fram haldið degi síðar og enn endurupptekin 6. apríl s. á., verði ógilt frá og með ráðstöfun sýslumanns á fjárnámsandlaginu, 2.305.741 krónu, 13. apríl 1993.

Krafan var þingfest 11. júní sl. Er þrotabúið sóknaraðili málsins, en Vélsmiðjan Mjöltnir hf. varnaraðili. Dómkröfum sóknaraðila er áður lýst, en jafnframt krefst hann hæfilegs málskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að kröfu sóknaraðila um ógildingu á aðfarargerð verði vísað frá dómi, en til vara, að henni verði hrundið. Þá krefst hann hæfilegs málskostnaðar að mati dómsins.

Af hálfu sóknaraðila var þess krafist við munnlegan flutning málsins, að synjað yrði um frávisunarkröfu varnaraðila og málið tekið til efnis meðferðar.

II.

Málavextir eru þeir, að 15. febrúar 1993 fór fram af hálfu sýslumannsins í Bolungarvík aðfarargerð, þar sem Júpíter hf. var gerðarþoli og Vélsmiðjan Mjöltnir hf. gerðarbeiðandi. Gerðarþoli var ekki við fyrirtökuna, en að ábendingu gerðarbeiðanda var sama dag gert fjárnám í 1330 tonna loðnufarmi um borð í ms. Júpíter, RE-161.

Hinn 17. febrúar s. á. var beiðst endurupptöku á fjárnáminu, þar sem þá þótti ljóst, að aðfararveðið væri ófullnægjandi. Við endurupptöku 18. s. m., sem fram var haldið daginn eftir, var af hálfu gerðarbeiðanda fallið frá fyrra fjárnámi, en þess í stað krafist fjárnáms í söluandvirði 1170 tonna loðnufarms úr ms. Júpíter, sem landað var í Bolungarvík sama dag hjá Haraldi Böðvarssyni & Co. hf. sem leigutaka að loðnuverksmiðju þrotabús Hóla hf. í Bolungarvík. Sýslumaðurinn í Bolungarvík lýsti síðan yfir fjárnámi í ofangreindu andlagi. Framkvæmdastjóri gerðarþola var við fyrirtökuna, og voru bókuð mótmæli hans við framgangi gerðarinnar og jafnframt bókaður áskilnaður um rétt til að bera ágreining um fjárnámsgerðina undir héraðsdóm á öllum stigum hennar.

Hinn 6. apríl s. á. var fjárnámsgerðin frá 19. febrúar endurupptekin að

kröfu gerðarbeiðanda, og var nú gert fjárnám í sjálfri greiðslu kröfunnar, þ. e. andvirði hins 1170 tonna loðnufarms, sem landað hafði verið í Bolungarvík. Skuldara greiðslunnar, Haraldi Böðvarssyni & Co. hf., var tilkynnt um fjárnámið samdægurs. Daginn eftir, þ. e. 7. apríl, var full greiðsla kröfu gerðarbeiðanda lögð inn á reikning sýslumannsembættisins, sem ráðstafaði fjárnámsandlaginu sex dögum síðar, 2.305.741 krónu, til gerðarbeiðanda. Sama dag barst Héraðsdómi Vestfjarða krafa um gjaldþrotaskipti á búi Júpíters hf., og gekk úrskurður þar um 16. s. m. Skiptastjóri í þrotabúinu var skipaður Jón Sigfús Sigurjónsson héraðsdómslögmaður. Svo sem fyrr greinir, krafðist hann 10. maí s. á. ógildingar á umræddri aðfarargerð, að því er varðaði ráðstöfun sýslumanns á fjárnámsandlaginu.

III.

Varnaraðili reisir frávisunarkröfu sína í fyrsta lagi á því, að krafa sóknaraðila um ógildingu hluta aðfarargerðarinnar sé í raun krafa um riftun tiltekinnar greiðsluráðstöfunar, sem ekki verði borin undir dómstóla á grundvelli 15. kafla aðfararlaga, heldur beri sóknaraðila að höfða sérstakt riftunarmál samkvæmt XX. kafla gjaldþrotaskiptalaga nr. 21/1991, vilji hann freista þess að fá ráðstöfuninni hnekkt. Beri því að vísa málinu frá héraðsdómi. Þessu til stuðnings bendir varnaraðili á, að þar sem kröfugerð sóknaraðila sé einskorðuð við það, að aðfarargerðin verði ógilt frá og með ráðstöfun sýslumanns á fjárnámsandlaginu, verði hún ekki skilin öðruvísi en svo, að krafist sé úrskurðar héraðsdómara um, að þessi tiltekna greiðsla sé riftanleg og varnaraðila beri að skila búinu henni aftur. Beri málatilbúnaður sóknaraðila því glöggvitni, en í greinargerð með kröfunni vísi hann til 138. gr. laga um gjaldþrotaskipti og telji, að fjárnámið sé óskuldbindandi gagnvart sér. Varnaraðili telur hins vegar, að skýra verði málskotsheimildir 92. gr. aðfararlaga þröngt, svo að ekki geti komið til endurskoðunar héraðsdóms á öðru en lögmæti aðfarargerðarinnar sjálfrar, sem teljast verði lögmæt í alla staði. Þá beri að líta til þess, að fjárnámskrafan hafi verið að fullu greidd fyrir gjaldþrot Júpíters hf. og fjárnáms því ekki lengur þörf. Ráðstöfun sýslumanns á greiðslunni 13. apríl hafi því ekki verið hluti aðfarargerðarinnar, sem lokið hafi hinn 6. s. m. með ákvörðun sýslumanns. Afhending fjárins hafi síðan verið sjálfstæð athöfn.

Í öðru lagi styður varnaraðili frávisunarkröfu sína þeim rökum, að tilkynning sóknaraðila um málskot til héraðsdóms hafi verið of seint fram komin, sbr. 1. mgr. 92. gr. aðfararlaga, en málskotsfrestur hafi tekið að líða við lok fjárnámsgerðar 19. febrúar 1993. Endurupptaka gerðarinnar 6. apríl s. á. leiði ekki til þess, að nýr málskotsfrestur taki að líða, enda séu endurupptökuheimildir 4. mgr. 57. gr. téðra laga svo sérstaks eðlis,

að óeðlilegt sé að líta á endurupptökuna 6. apríl sem sjálfstæða gerð, er marki upphaf nýs frests. Enn fremur telur varnaraðili, að upptökuheimildin sé í raun ígildi fullnustugerðar til að komast hjá nauðungarsölu og þær aðstæður, sem þarna þurfi að vera, skáki sýslumanni í þá stöðu, sem greinir í 55. gr. nefndra laga.

Verði ekki fallist á frávisun málsins, krefst varnaraðili þess, að synjað verði um ógildingu aðfarargerðarinnar, enda hafi verið löglega að henni staðið og allir þættir hennar farið fram í samræmi við skilyrði aðfararlaga. Sóknaraðili beri sönnunarbyrði fyrir hinu gagnstæða, en slíkar sönnur hafi hann ekki fært fram. Breyti þar engu mótmæli talsmanns gerðarþola á fyrri stigum gerðarinnar, en þau hafi einvörðungu lotið að kröfum gerðarbeiðanda um það, í hverju skyldi gert fjárnám. Þá hafi áskilnaði gerðarþola um málskot til héraðsdóms ekki verið fylgt eftir. Sóknaraðili biði því allan halla af skorti á sönnun.

Af hálfu sóknaraðila er öllum málsæstæðum og lagarökum varnaraðila um frávisunarkröfuna mótmælt. Telur sóknaraðili, að enginn vafi sé á því, að ráðstöfun sýslumannsins í Bolungarvík 13. apríl 1993 hafi verið órjúfangegur hluti aðfarargerðar þeirrar, sem fram fór 6. s. m. Afhending greiðslunnar hafi verið gerð á grundvelli bókuar þann dag og verði ekki slitin frá aðfarargerð þeirri, sem þá fór fram. Um hafi verið að ræða lokabátt aðfarargerðar, þ. e. efndir á skyldu samkvæmt aðfararbeiðni með afhendingu á peningum, og sé ljóst af kröfugerðinni, hvers krafist sé í málinu. Fráleitt sé um riftunarkröfu að ræða af hálfu sóknaraðila, en skírskotun af hans hálfu til gjaldþrotalaga um óskuldbindingargildi fjárnáma við gjaldþrot hafi verið árétting, en ekki rökstuðningur. Þá mótmælir sóknaraðili því, að tilkynning sín til héraðsdómara hafi verið of seint fram komin. Endurupptaka aðfarargerðarinnar hafi farið fram 6. apríl 1993 og eðlilegt sé að miða átta vikna málskotsfrestinn skv. 1. mgr. 92. gr. aðfararlaga við síðustu aðgerðir sýslumanns 13. apríl, en ella við 6. s. m.

Sóknaraðili reisir kröfu sína um ógildingu umræddrar aðfarargerðar á því, að ráðstöfun sýslumanns á fjárnámsandlaginu 13. apríl hafi verið ólög- mæt og brjóti berlega gegn fyrirmælum 55. gr. aðfararlaga. Mótmæli hafi komið fram við fjárnámsgerðina, og því hafi sýslumanni borið að biða með ráðstöfun fjárins fjórar vikur, sbr. 1. mgr. 54. gr. nefndra laga. Skipti ekki máli, hvort ágreiningi um fjárnámið hafi verið skotið til héraðsdómara 6. apríl 1993 eða eigi. Fram kominn ágreiningur um fjárnámið fullnægi skilyrðum 55. gr. téðra laga um frestun á afhendingu fjárnuminnar greiðslu, en ljóst sé af 2. mgr. 54. gr. laganna, hvernig með skuli fara, ef ágreiningur er borinn undir héraðsdóm innan fjögurra vikna frestsins. Einnig sé ljóst, að ágreiningur málsaðila hafi verið lagður fyrir héraðsdóm 7. apríl sl., og braut því ráðstöfun hinnar fjárnumdu greiðslu bæði gegn fyrirmælum 1.

og 2. mgr. 54. gr. títtnefndra laga. Þá bendir sóknaraðili á, að endurupptaka fjárnámsgerðarinnar 6. apríl hafi farið fram án tilkynningar og í fjarveru gerðarþola í samræmi við 4. mgr. 57. gr. laganna, sem hljóti að leiða til þess, að sýslumanni beri að tilkynna gerðarþola síðar um endurupptökuna og gefa honum tækifæri til að mótmæla gerðinni, sbr. 55. gr. laganna. Telur sóknaraðili, að hin ólögmetta ráðstöfun sýslumanns hafi leitt til þess, að umdeildir fjármunir, sem sóknaraðili telur einsýnt, að renna eigi til sín, voru ekki tiltækir á úrskurðardegi gjaldþrots Júpíters hf. Þar sem varnaraðili hafi síðar neitað að afhenda fjármunina, hafi sóknaraðila verið nauðsynlegt að fá úrskurð héraðsdómara um ógildi ráðstöfunarinnar, en samkvæmt áður tilvitnuðum lagagreinum hafi sýslumanni skilyrðislaust borið að varðveita fjárnámsandlagið fjórar vikur. Samkvæmt þessu og með vísan til 15. kafla aðfararlaga beri að ógilda ráðstöfun sýslumanns á fjárnámsandlaginu.

IV.

Viðfangsefni aðfararlaga er að kveða á um almenn úrræði til að fá fullnægt skyldum einstakra manna og lögaðila, sem þeir geta ekki eða vilja ekki efna sjálfviljugir. Hefur framkvæmdaþáttur aðfarargerða verið falinn stjórnvöldum, á meðan valdið til að leysa úr réttarágreiningi um þær heyra undir dómstóla. Við slíka skiptingu verður að tryggja, að greiðfært sé að afla úrlausnar dómstóla um réttarágreining, sem rísa kann við framkvæmd aðfarargerða. Í 15. kafla laganna er að finna reglur, sem ætlað er að gefa málsaðilum, þar á meðal þriðja manni, sem hagsmuni hefur af gerðinni, kost á að afla sér úrlausnar dómstóla um öll atriði aðfarargerðar, eftir að henni hefur verið lokið, og eftir atvikum að fá henni efnislega breytt eða fá hana fellda úr gildi í heild eða að hluta. Í skjóli umræddra reglna er því unnt að krefjast þess, að aðfarargerð verði ógilt, staðfest eða breytt á tiltekinn hátt, og mega slíkar kröfur byggjast á atriðum, sem varða gerðina frá upphafi til enda. Sóknaraðili krefst þess, að greiðsluráðstöfun sýslumanns frá 13. apríl 1993 verði ógilt, þ. e., að umrædd aðfarargerð verði ógilt að hluta. Varnaraðili telur hins vegar, að aðfarargerðinni hafi lokið 6. apríl 1993 og að afhending greiðslunnar 13. s. m. hafi verið sjálfstæð athöfn sýslumanns, sem falli utan nefndrar aðfarargerðar. Samkvæmt aðfararlögum lýkur aðfarargerð ýmist með því, að aðfararveð myndast, eða að fullnusta fæst við gerðina. Telja verður, að ráðstöfun sýslumanns á greiðslunni 13. apríl hafi verið órjúfanlegur hluti aðfarargerðar þeirrar, sem fram fór 6. s. m., og að afhending greiðslunnar til gerðarþola hafi verið gerð á grundvelli bókunar þann dag og falið í sér lokaþátt aðfarargerðarinnar. Samkvæmt ofangreindu telur dómurinn því, að ekki verði fallist á það með varnaraðila, að reglur 15. kafla laganna eigi hér ekki við.

Varnaraðili reisir frávisunarkröfu sína í öðru lagi á því, að ákvörðun sóknaraðila um að skjóta fjárnámssgerðinni til héraðsdóms hafi verið of seint fram komin, sbr. 1. mgr. 92. gr. aðfararlaga. Endurupptaka aðfarargerðarinnar, sbr. 4. tl. 66. gr. aðfararlaga, fór fram 6. apríl 1993, og verður því að telja eðlilegt að miða málskotsfrest tilvitnaðrar lagagreinar við þá dagsetningu og þar með, að tilkynning sóknaraðila hafi borist héraðsdómi innan lögboðins frests. Verður því frávisunarkrafa varnaraðila ekki heldur tekin til greina af þeirri ástæðu.

Að kröfu varnaraðila var fjárnámssgerð frá 19. febrúar 1993 endurupptekin 6. apríl s. á. samkvæmt heimild í 4. tl. 66. gr. aðfararlaga. Er þar vísað til 4. mgr. 57. gr. sömu laga og endurupptaka heimiluð, ef atvik varða atriði, sem ákvæðið tekur til. Í tilvitnaðri 4. mgr. 57. gr. kemur fram regla, sem ætlað er að mæta þörfum gerðarbeiðanda og einnig skuldara kröfu, sem fjárnám hefur verið gert í, meðan henni hefur ekki verið komið í verð. Þar sem gerðarbeiðandi getur ekki sjálfur kafið skuldarann um greiðslu á þessu stigi, heimilar tilvitnað ákvæði, að fjárnámssgerðin sé endurupptekin, ef greiðsla stendur til boða, og að sýslumaður geri fjárnám í henni samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda. Er einnig sérstaklega tiltekið, að hvorki þurfi að tilkynna gerðarþola fyrir fram um gerðina né þurfi nærveru hans við gerðina, en að öðru leyti skuli framkvæmdin fara eftir 4. kafla aðfararlaga. Þá er tiltekið í ákvæðinu, að eftir að sýslumaður hefur tekið viðkomandi greiðslu fjárnámi, eigi að fara með greiðsluna eftir sömu reglum og gilda, þegar fjárnám er gert í peningum, og vísað þar til 55. gr. sömu laga. Segir þar, að séu peningar teknir fjárnámi, skuli sýslumaður afhenda gerðarbeiðanda þá þegar í stað, nema mótmæli komi fram gegn gerðinni. Gegn mótmælum beri hins vegar að fara eftir reglum 54. gr. laganna um framhaldandi aðgerðir, en samkvæmt 1. mgr. téðs lagaákvæðis má ekki ráðstafa hinu fjárnumda án samþykkis eiganda þess, fyrr en fjórar vikur eru liðnar frá fjárnáminu, og samkvæmt 2. mgr. stöðvast allar aðgerðir varðandi gerðina, ef ágreiningur er borinn undir héraðsdóm á fjögurra vikna tímabilinu samkvæmt 1. mgr.

Regla 55. gr. nefndra laga er reist á þeim viðhorfum, að rétti gerðarþola eða þriðja manns geti verið stefnt í hættu, ef gerðarbeiðandi fær fullnustu kröfu sinnar þegar við fjárnámið með greiðslu peninga án tillits til mótmæla gegn gerðinni. Sú aðstaða, að fullnusta fái við aðfarargerð, heyrir til undantekninga, en algengast er, að fjárnám sé gert í eign þannig, að gerðarbeiðandi fær ekki fullnustu við aðfarargerðina, heldur aðfararveð. Þegar fjárnám er gert í peningum, er ekki þörf sérstakra áframhaldandi aðgerða, til þess að gerðarbeiðandi fái endanlega fullnustu, og því er nauðsynlegt að gera gerðarþola eða þriðja mann eins settan í þessum efnum, þótt fjárnám hafi verið gert í peningum, sbr. vernd þá, sem 54. gr. laganna

er gert að veita. Markmið 55. gr. laganna er að tryggja sams konar vernd, hvað varðar fjárnám í peningum. Við endurupptökuna 6. apríl 1993 lágu fyrir mótmæli gerðarþola vegna gerðarinnar frá 19. febrúar s. á. Þegar af þeirri ástæðu bar sýslumanni að fara varlega, þegar fjárnám var gert í greiðslu kröfunnar, og bíða með afhendingu hinnar fjárnumdu greiðslu þar til að liðnum fjórum vikum frá fjárnáminu, í samræmi við 55. gr., sbr. 1. mgr. 54. gr. nefndra laga. Þar sem það var ekki gert, heldur greiðslan innt af hendi til gerðarbeiðanda, ber að fallast á kröfu gerðarþola og ógilda aðfarargerðina að þessu leyti. Telst því afhending sýslumanns á hinni fjárnumdu greiðslu til varnaraðila ólögmet, og ber að fallast á kröfu sóknaraðila um, að umrædd aðfarargerð nr. 17/1993/00007, sem fram fór 6. apríl 1993, skuli ógilt, að því er varðar ráðstöfun sýslumanns á hinni fjárnumdu greiðslu.

Eins og máli þessu er farið og samkvæmt heimild í 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, þykir rétt að láta hvorn málsaðila bera sinn kostnað af rekstri málsins.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Aðfarargerð sýslumannsins í Bolungarvík nr. 17/1993/00007, sem fram fór 6. apríl 1993, skal ógilt, að því er varðar ráðstöfun á hinni fjárnumdu greiðslu til Vélsmiðjunnar Mjöltnis hf. 13. apríl 1993.

Málskostnaður fellur niður.
